

## Mosi í grasflötum

### Leiðbeiningar um aðgerðir gegn mosa

Mosi í grasflötum er algengt vandamál. Ástæður fyrir mosavexti geta verið breytilegar.

Eftirfarandi leiðbeiningar eiga við um helstu aðgerðir til að sporna gegn mosavexti í grasflötum, aðferðir og verklag. Einnig er fjallað um nauðsynleg verkfæri og efni við framkvæmdina.

### Tilgangurinn

Mosi hefur mikil áhrif á útlit og styrk grasflata. Mótstaða grass gegn sjúkdómum og samkeppni annara óæskilegra tegunda, t.d. illgresis, veikist. Hætt er við að mosavöxtur ágerist ef ekkert er aðhafst.

### Ástæður fyrir mosa í grasflötum

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að mosi herjar á grasflatir. Mosinn vex helst í illa framræstum og súrum jarðvegi, þ.e.a.s. þar sem vatnsinnihald jarðvegs er mikið og þá er nauðsynlegt að ræsa fram grasflötina. Einnig eru skuggasvæði þar sem sólar nýtur sjaldan við líkleg til að verða mosavaxin. Hávaxinn og þéttur trjágróður varpar miklum skugga á grassvæði. Oft getur reynst nauðsynlegt að grisja trjákrónur eða fækka trjám til að hleypa birtu að grasinu.

### Hvenær er rétti tíminn?

Best er að byrja aðgerðir gegn mosa í apríl – maí en nauðsynlegt er að fylgja eftir vinnunni allt vaxtartímabilið svo að góður árangur náist.

### Hægt er að bregðast við mosa í grasflötum á ýmsan hátt.

Einföld leið er að raka yfirborð grassins með plastrífu og reyna að krafsa mosann upp. Þessi aðferð er ágæt þegar um minniháttar mosavöxt er að ræða.

Á grasflötum sem innihalda mikið magn af mosa þarf oftast að framkvæma mosatætingu. Hægt er að kaupa eða leigja ýmsar tegundir mosatætara, bæði rafmagns- og bensínknúna. Mosatætari er útbúinn með litlum hnífum eða grönnum tindum sem rista niður í yfirborð jarðvegsins og krafsa mosann upp. Tætingin hefur lítil áhrif á sjálft grasið.

Nauðsynlegt getur verið að fara nokkrar umferðir yfir grasflötina og gott er að fara til skiptis þvert á fyrri umferð, þ.e. langsum og þversum.

Eftir tætinguna þarf að raka saman öllum mosanum og fjarlægja. Því næst er grasfræi dreift yfir svæðið og reynt að tryggja að fræið komist niður í moldina t.d. með því að raka yfir flötina strax eftir sáningu. Miða má við að nota 2-3 kg af grasfræi á 100 m<sup>2</sup>.

Eftir að fræinu hefur verið dreift er gott að sanda yfirborðið með fínnum sandi, t.d. pússningasandi. Ágætt er að miða við að þykkt sandalagsins sé 2-4 mm. Einnig má nota næringarríka mold í sömu lagþykkt.

Nauðsynlegt er að gefa áburð og kalk samhliða grassáningu (sjá nánar í texta um áburðargjöf).

Að lokum er mikilvægt að vökva grasflötina vel og halda raka að grasfræinu þar til það hefur spírað.

### **Eftirfylgni – aðgerðir til að hindra mosavöxt í grasflötum.**

Sláttuhæð hefur áhrif á mosavöxt og mikilvægt er að slá grasið ekki of neðarlega. Gott er að stilla sláttuvél í háa sláttustillingu, t.d. 5 cm og slá frekar oft. Við það styrkist grasið, rótarvöxtur eykst og þar með þéttleiki í sverði auk þess sem grasið skyggir á mosann í sverðinum.

Gott er að gefa jarðvegsbæti, s.s. kalk eða skeljasand sem hefur jákvæð áhrif á sýrustig jarðvegsins. Einnig er gott að gefa aukaskammt af þrífosfati til að styrkja rôtarkerfi grassins.

### **Samkvæmt ofangreindri lýsingu er æskilegt að framkvæma mosatætingu í þessari röð:**

1. Raka eða tæta mosann í nokkrum umferðum.
2. Fjarlægja mosa sem losnar við tætinguna.
3. Dreifa grasfræi í sárin.
4. Dreifa fínum sandi og/eða mold yfir flötina.
5. Bera áburð og kalk á svæðið.
6. Vökva svæðið vel með vatnsúðara.

### **Efni og verkfæri**

**Grasfræ:** Nota skal fræblöndu sem ætluð er á venjulegar grasflatir, t.d. ProMix fræblöndu.

**Áburður:** Gott er að nota lífrænan áburð, t.d. sveppamassa, fiski- eða þörungamjöl. Einnig má nota tilbúnar áburðartegundir, t.d. Blákorn eða Graskorn.

**Heyhrífa:** Nauðsynlegt verkfæri til að raka saman mosa og grasi úr yfirborði. Best er að nota slíka hrífu úr plasti sem gefur vel eftir og festist ekki á fyrirstöðum.

**Mosatætari:** Hægt er að kaupa eða leigja ýmsar tegundir mosatætara, bæði rafmagns- og bensínknúna.

**Vatnsslöngur og vatnsúðarar:** Nauðsynlegir í viðhaldi allra grasflata.